

Samstaða



Samninganefndir Fíh og ríkisins hafa nú fundað þrisvar og fer samtalið ágætlega af stað. Með okkur á fundunum er kraftur hjúkrunarfræðinga sem fylgir okkur frá fundunum um allt land og frá okkar góða baklandi í öflugum hópi trúnaðarmannaráðs ásamt stjórn félagsins.

Á þessum tímapunkti er ómögulegt að segja hvernig framhaldið verður næstu vikurnar en markmiðið er að samningur taki við af miðlunartillögu Ríkissáttasemjara. Ég sjálf ákvað að vera opin fyrir öllum möguleikum áður en viðræður hófust, hvort sem um skammtíma- eða langtíma-samning er að ræða, þó óneitanlega muni samninga-viðræður sem hafa þegar átt eða eru að eiga sér stað milli launagreiðenda og stéttarfélaga hafa áhrif. Aðalmálið er að hjúkrunarfræðingar njóti sanngirnis sem ég tel hafa skort í mörg ár og störfin verði metin að verðleikum. Þannig tel ég að stéttin geti borið sem mest úr býtum.

Ég hef fullan skilning á að einhverjir hjúkrunarfræðingar séu áhyggjufullir yfir viðræðunum í ljósi þess hvernig fór árið 2015 þar sem við enduðum með lagasetningu á verkfall og gerðardóm og miðlunartillögunni árið 2020. Að mínu mati er löngu tímabært að hjúkrunarfræðingar semji um sín launakjör og finnst ekki annað koma til greina.

Við náðum árangri í samningunum 2020. Í fyrsta sinn voru byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga á pari við byrjunarlaun annarra sambærilegra stétta hjá BHM. Við sömdum t.d. um skil- og endurmenntun, undanþágu frá næturvöktum fyrir hjúkrunarfræðinga 55 ára og eldri og styttingu vinnuvikunnar. Það eina sem við náðum ekki saman um var launaliðurinn, og fór sá hluti miðlunartillögunnar í gerðardóm. Sú niðurstaða olli okkur hjúkrunarfræðingum gífurlegum vonbrigðum og er í engu samræmi við greinargerðina sem annars fylgir dómnum. En áfram skal halda og í greinargerðinni höfum við m.a. gott efni sem við nýtum okkur nú við samningaborðið.

Samvinna

Ég hef fundið fyrir svo miklum krafti meðal hjúkrunarfræðinga sem ég hef rætt við síðustu vikur og mánuði. Það hefur verið gott að finna hvað hjúkrunarfræðingar eru sammála um hverjar áherslurnar eiga að vera í stóru dráttunum og stéttin er samstillt. Til að sá kraftur fylgi okkur inn á samningafundi þá er einmitt svo mikilvægt að hjúkrunarfræðingar standi saman. Við höldum áfram að skiptast á skoðunum og tökum málefnanlega umræðu. Að mínu mati eru góð rök fyrir að hækka grunnlaunin og meta virði starfsins í samræmi við menntun og ábyrgð í starfi. Við byggjum okkar rök á tölfræðilegum gögnum og staðreyndum og

þannig mætum við verkefninu. Því horfi ég jákvæðum augum á núverandi viðræður og trúi ekki öðru en að við náum að semja. Samningaviðræður eru nefnilega ekki tvær fylkingar að mætast á vígvelli samningaborðsins heldur samtal og samvinna í átt að sameiginlegu markmiði sem á að færa báðum aðilum eitthvert virði.

En við stöndum ekki ein hér á Íslandi í kjarabaráttunni. Við höfum fylgst grannt með verkföllumunum í Bretlandi og ítrekað lýst stuðningi við baráttu þeirra fyrir bættum kjörum og starfsaðstæðum. Á sama tíma sækjum við styrk, þekkingu og reynslu til kollega okkar í löndunum í kring sem eiga í sömu baráttu. Það hefur enga þýðingu fyrir einhvern að benda á ástandið annars staðar, því Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint því til allra þjóðríkja að hlúa að eigin heilbrigðiskerfum og hér þurfa yfirvöld að gera betur hvað það varðar.

Sumarið

Þegar þetta er skrifað í byrjun mars er ennþá vetur þó að sólin fari hækkanði og mér sýnist jafnvel glitta í grænan gróður. Sumarið á að vera tilhlökkunarefni en ég hef miklar áhyggjur af stöðu mönnunar og afleysinga í sumar. Það er slæmt að geta ekki að fullu aðskilið vinnu og einkalíf. Ég hvet alla hjúkrunarfræðinga til að standa með sjálfum sér og muna að ekkert starf er þess virði að fórna heilsunni eða fjölskyldu fyrir. Allir hjúkrunarfræðingar eiga að hafa starfslýsingu og það er eftir henni sem á að vinna og laun greidd í samræmi við hana. Það hefur verið skortur á hjúkrunarfræðingum á landinu í um 80 ár og núverandi floti starfandi hjúkrunarfræðinga mun ekki ná að stoppa upp í svonefnt „skortsgat“. Við þurfum að breyta menningunni og hætta að redda málunum en að það tekur tíma. Þar skulum við taka okkur yngri kynslóðina til fyrirmyndar.

Margir eiga nú þegar uppsafnað orlof inni fyrir utan komandi sumarfrí. Munið að taka samtalið við vinnuveitendur um tilhögun fríanna sem þið eigið. Nú er málið að leggja drög að fríum fram í tímann eins og margir aðrir gera og hafa eitthvað skemmtilegt til að hlakka til. Það er enginn ástæða til að safna fríinu upp heldur eigum við að njóta þessa kjarabundna réttar okkar. Endilega skoðið og nýtið ykkur þjónustu orlofssjóðs Fíh, þar er margt spennandi og nýtt í boði. Enn og aftur er mér hugleikin mildin sem ég bið ykkur um að sýna ykkur sjálfum, á sama hátt og þið sýnið ykkar skjólstaðingunum. Ef ekki núna, hvenær þá?